

## ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. mars 2009

um ráðstöfun eigna og skulda

Sparisjóðabanka Íslands hf., kt. 681086-1379, til Nýja Kaupþings banka hf., kt. 581008-0150 og

Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf.

### FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars. 2009 var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Fjármálaeftirlitið telur að ástæða sé til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snýr að framkvæmd yfirfærslu innlána. Ekki hefur reynst mögulegt að ljúka yfirfærslu innlána á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun vegna tæknilegra vandkvæða. Um er að ræða flókið verkefni sem er tímafrekara en ætlað var. Af þeim sökum er nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka yfirfærslu innlána Sparisjóðabanka Íslands hf. til Nýja Kaupþings banka hf. og Seðlabanka Íslands. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 1. másl. 7. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars sl.

### ÁKVÖRÐUN:

Yfirfærsla innlána samkvæmt ofangreindu fer fram eigi síðar en kl. 9.00 miðvikudaginn 25. mars 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvörðunar í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

22. mars 2009



Gunnar Haraldsson  
Formaður stjórnar



Kristín Haraldsdóttir  
Varaformaður stjórnar